



Reykjavíkurborg
Skóla- og frístundasvið



Leikskólinn Jörfi

2026– 2027



Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.



Efnisyfirlit

Leiðarljós leikskólans	3
1. Greinargerð leikskólastjóra	3
2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026	8
2.1 Innra mat leikskólans 2025-2026	8
2.2 Ytra mat leikskólans 2025-2026	8
3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027	9
4. Starfspróunarsamtöl	11
5. Fræðsla almennt út frá umbótaáttum leikskólans	11
6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva	11
7. Foreldrasamstarf	12
8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal	13
9. Próunarverkefni	14
10. Fylgiskjöl:	15
10.1 Innra mat Hlíð og Lundur 2025-2026	15
10.2 Innra mat Garður og Dalur 2025-2026	16
10.3 Innra mat Laut og Holt 2025-2026	17
10.4 Umbótaáætlun Hlíð, Lundur og Garður 2026-2027	19
10.5 Umbótaáætlun Dalur, Laut og Holt 2026-2027	20
10.6 Skóladagatal 2026-2027	21
10.7 Umsögn foreldraráðs	24
Umsögn foreldraráðs	24





Leiðarljós leikskólans

Gleði - við mætum glöð í skólann og njótum dagsins saman í gleði.

Sköpun - Við bjóðum skapandi umhverfi til að geta börnin skapað og fundið að hugmyndir þeirra eru metnar að verðleikum.

Virðing - Við stuðlum að jákvæðum samskiptum og bjóðum upp á jákvætt umhverfi þar sem börnum, foreldrum og starfsfólki getur liðið vel.

1. Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið 2025–2026 hefur verið viðburðaríkt og farsælt hjá Leikskólanum Jörfa. Áhersla ársins hefur verið á áframhaldandi innleiðingu nýrrar skólastefnu, eflingu faglegs starfs, alþjóðlegt samstarf og uppbyggingu öflugs skólasamfélags. Mikill metnaður hefur einkennt starf skólans og hefur árangur starfsfólks og barna verið sýnilegur á fjölmörgum sviðum. Leikskólinn Jörfi er stækkandi leikskóli

Innleiðing nýrrar skólastefnu

Innleiðing nýrrar skólastefnu hefur gengið afar vel. Stefnan er nú sýnilegri í daglegu starfi leikskólans og skapandi nálgun hefur fest sig í sessi á öllum deildum. Sérstaklega hefur verið ánægjulegt að sjá hvernig skapandi hugsun barna hefur eflst og þróast. Börnin sýna aukið frumkvæði, sjálfstæði og sjálfstraust við að koma hugmyndum sínum í framkvæmd með stuðningi og leiðsögn starfsfólks.

Í september var Litli Jörfi, ný starfsstöð fyrir yngstu börn leikskólans, formlega opnaður. Af því tilefni var haldin opnunarhátíð þar sem meðal gesta var borgarstjóri Reykjavíkur. Opnun Litla Jörfa markaði mikilvægt skref í þróun leikskólans og hefur starfsemin þar farið mjög vel af stað.

Húsnæðið og nærumhverfi þess voru sérstaklega hönnuð með þarfir yngstu barnanna að leiðarljósi og leggja grunn að öruggu, hlýlegu og hvetjandi námsumhverfi. Litli Jörfi er einn af fyrstu leikskólunum í Reykjavík sem hlotið hefur Svansvottun, sem endurspeglar áherslu á sjálfbærni, umhverfisvænar lausnir og vandaða hönnun.

Á árinu höfum við tekið á móti fjölmörgum gestum frá öðrum leikskólum sem eru í undirbúningi eða framkvæmdum vegna nýs húsnæðis. Litli Jörfi hefur vakið mikla athygli og þykir víða vera fyrirmynd þegar kemur að hönnun leikskólahúsnæðis fyrir yngstu börnin.

Í nóvember tók nýr aðstoðarleikskólastjóri til starfa og hefur það styrkt stjórnendateymið og stuðlað að áframhaldandi þróun skólastarfsins.

Fagþróun og alþjóðlegt samstarf

Í nóvember sóttu leikskólastjóri og verkefnastjóri Listasmiðjunnar alþjóðlegu ráðstefnuna “*Education for Sustainable Future*” í Tókýó í Japan. Þar var starf Leikskólans Jörfa kynnt fyrir alþjóðlegum gestum og sérfræðingum. Ráðstefnan hefur þegar leitt til verðmætra tengsla og samstarfs, meðal annars við





kennara og rannsakendur frá Háskólanum í Tókýó. Væntingar eru um áframhaldandi faglegt samstarf á komandi árum.

Í janúar stóð leikskólinn fyrir viðburðinum [Skapandi leikskólastarf Jörfa](#) þar sem áhersla var lögð á að miðla reynslu og gera sýnilega þá þróun sem átt hefur sér stað í skapandi starfi skólans. Viðburðurinn var afar vel sóttur en um 170 gestir mættu og sýndu starfi leikskólans mikinn áhuga. Mikil ánægja var með viðburðinn og staðfesti hann þann áhuga sem er á faglegu starfi Jörfa og innleiðingu skólastefnunnar.

Jörfi hefur einnig notið mikillar athygli innan leikskólasamfélagsins. Á skólaárinu hafa fjölmargir gestir heimsótt leikskólann, meðal annars frá öðrum sveitarfélögum á Íslandi sem og frá Póllandi, Finnlandi, Danmörk, Svíþjóð, Litháen og Þýskalandi. Mikill áhugi er á innleiðingu skólastefnu Jörfa og þeirri faglegu þróun sem átt hefur sér stað undanfarin ár.

Leikskólastjóri hélt á vormisseri fyrirlestur fyrir meistaranema í leikskólakennarafræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands þar sem fjallað var um Skólaþróun, faglega forystu og þær áskoranir og hindranir sem fylgja breytingastarfi í skólasamfélagi Jörfa.

Nemar og alþjóðleg tengsl

Alþjóðlegt samstarf leikskólans heldur áfram að dafna. Á þessu skólaári tók Jörfi á móti þremur nemum frá Mathilde Weber Schule í Tübingen í Þýskalandi í þriggja vikna starfsþjálfun, auk þriggja meistaranema frá Króatíu sem dvöldu í starfsnámi í þrjá mánuði.

Einnig sinnti leikskólinn vettvangsnámi og starfsþjálfun alls tíu kennaranema á árinu:

- 3 nemum frá Þýskalandi,
- 3 meistaranemum frá Króatíu,
- 1 nemanda frá Háskólanum á Akureyri,
- 2 nemum frá Háskóla Íslands.

Fyrirhugað er að taka aftur á móti fjórum þýskum nemum haustið 2026. Slík tengsl styrkja faglegt starf leikskólans, efla víðsýni innan skólasamfélagsins og skapa mikilvæga vettvangi fyrir gagnkvæman lærdóm.

Í júní 2026 munu leikskólastjóri og verkefnastjóri Listasmiðjunnar heimsækja aftur Mathilde Weber Schule í Tübingen með stuðningi Erasmus+ styrks. Þar munu þau kynna starf Leikskólans Jörfa og þá skapandi nálgun sem þróuð hefur verið innan Listasmiðjunnar í anda Reggio Emilia-hugmyndafræðinnar. Heimsóknin er liður í áframhaldandi alþjóðlegu samstarfi og gefur tækifæri til að miðla reynslu, styrkja fagleg tengsl og læra af góðum starfsháttum annarra.

Námsferð starfsfólks til Ítalíu

Á vormisseri fóru 21 starfsmenn leikskólans í náms- og kynningarferð til Reggio Emilia og Bologna á Ítalíu. Hópurinn heimsótti meðal annars Reggio Children Center og Remida, sem er endurnýtingarmiðstöð sem gegnir mikilvægu hlutverki í Reggio Emilia-hugmyndafræðinni.

Jafnframt sótti starfsfólkið námskeið hjá Erasmus Learning Academy (ELA) í Bologna um inngildingu og þátttöku allra barna. Markmið ferðarinnar var að dýpka skilning starfsfólks á Reggio Emilia-hugmyndafræðinni og skoða hvernig hún birtist í daglegu starfi leikskóla á svæðinu. Ferðin er hluti af





markvissri stefnu skólans um að efla fagmennsku starfsfólks og styðja við innleiðingu nýrrar skólastefnu. Námskeiðið styrkti einnig áherslur Jörfa á inngildingu, menningarnæmi og fjölbreyttar leiðir til að virkja öll börn í námi og leik.

Starfsmannamál

Veikindahlutfall starfsfólks var nokkuð hátt yfir vetrarmánuðina, líkt og víða hjá leikskólum Reykjavíkurborgar. Af þeim sökum þurfti í nokkrum tilvikum að grípa til faliðunnar. Þó má segja að slíkar aðstæður hafi almennt ekki komið upp oftar en að jafnaði einu sinni í mánuði. Leikskólinn er afar þakklátur foreldrum fyrir skilning þeirra og gott samstarf á þessum tíma, sem skipti miklu máli til að tryggja öryggi og velferð barnanna.

Áfram hefur verið lögð áhersla á að efla fagmenntun starfsfólks. Einn deildarstjóri lauk kennararéttindum á árinu og í haust bættast við starfshópin tónlistarkennari og leiklistarkennari. Með þessum breytingum verða kennarar við skólann orðnir sex talsins og vonir standa til að þeim fjölgi enn frekar á næsta skólaári.

Viðurkenningar og faglegt framlag

Á starfsárinu héldu leikskólastjóri og verkefnastjóri listasmiðju Jörfa fyrirlestur fyrir starfsfólk nýja leikskólans Hlaðhamrar í Mosfellsbæ. Fyrirlesturinn fjallaði um skapandi starf í listasmiðju, uppbyggingu námsumhverfis og starfshætti í anda Reggio Emilia. Markmiðið var að miðla reynslu og góðum starfsháttum sem þróast hafa í Jörfa og stuðla að faglegu samstarfi milli leikskóla.

Á árinu hlaut [Listasmiðja Jörfa hvatningarverðlaun](#) fyrir framúrskarandi starf og nýsköpun í leikskólastarfi. Viðurkenningin er mikil hvatning fyrir starfsfólkið og staðfesting á því öfluga þróunarstarfi sem fram fer innan leikskólans.

Leikskólinn tók einnig virkan þátt í ráðstefnu Dags leikskólans þann 6. febrúar. Þar gegndi leikskólastjóri Jörfa hlutverki ráðstefnustjóra og lagði sitt af mörkum til að efla umræðu um leikskólamál og fagþróun innan stéttarinnar.

Leikskólinn tók einnig þátt í Menntabúðum í Sögu 2026. Þar kynnti verkefnastjóri Listasmiðjunnar verkefnið „[Norðurljós í Listasmiðju – fjölbreytt nálgun í skapandi starfi með börnum](#)“, sem unnið var með börnum í Listasmiðju Jörfa. Jafnframt kynnti sérkennslustjóri leikskólans verkefnið „[Gervigreind í leikskólastarfi](#)“.

Framlög Jörfa vöktu mikla athygli meðal þátttakenda og fengu verkefnin mikið hrós fyrir fagmennsku, nýsköpun og skýra tengingu við skapandi og inngildandi starfshætti leikskólans. Þátttakan var dýrmætt tækifæri til að miðla reynslu og sýna það þróunarstarf sem fram fer innan Jörfa.

Betri Borg fyrir Börn

Í leikskólanum er starfandi tengiliður þjónustu í þágu farsældar barna eins og Lög um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna nr.86/2021 kveður á um. Í leikskólanum Jörfa er sérkennslustjóri jafnframt tengiliður farsældar. Hlutverk tengiliðs er að vera börnum og forráðamönnum innan handar og aðstoða við að sækja viðeigandi þjónustu við hæfi. Öll börn eiga rétt á að fá þá þjónustu sem þau þurfa á að halda og Farsældarlögin eiga að tryggja börnum rétta aðstoð, á réttum tíma og frá réttum aðilum.





Læsisstefna Norðurmiðstöðvar og málstefna Jörfa

Á skólaárinu hefur áfram verið unnið markvisst samkvæmt [Læsisstefnu Norðurmiðstöðvar](#) og málstefnu Jörfa. Lögð er áhersla á að skapa málörvandi umhverfi þar sem börn fá fjölbreytt tækifæri til samskipta, tjáningar og virkrar þátttöku í leik og námi. Markmiðið er að efla málþroska, orðaforða, hlustun, frásagnarhæfni og læsi í viðum skilningi frá fyrstu árum.

Starfsfólk nýtir fjölbreyttar leiðir til að styðja við málþroska barna, meðal annars í gegnum lestur, samræður, söng, leik, skapandi verkefni og markvissa orðaforðavinnu. Sérstök áhersla er lögð á að styðja við fjöltyngd börn og tryggja að öll börn fái tækifæri til að byggja upp sterkan málþroska út frá eigin forsendum.

Málstefna Jörfa er jafnframt samofin daglegu starfi leikskólans og endurspeglast í samskiptum starfsfólks og barna, skipulagi námsumhverfis og samstarfi við foreldra. Með þessum áherslum leggur Jörfi grunn að virku læsi, aukinni þátttöku barna og jákvæðri sjálfsmynd þeirra sem málnotenda.

Starfsandi og orðspor

Starfsandi innan leikskólans er góður og starfsfólk lýsir almennt mikilli starfsánægju. Opnun Litla Jörfa hefur þó skapað nýjar áskoranir fyrir stjórnendur, sérstaklega hvað varðar upplýsingaflæði og samstarf milli starfsstöðva. Mikil vinna hefur verið lögð í að styrkja tengsl milli húsanna og skapa sameiginlega fagmenningu.

Orðspor Jörfa hefur styrkst verulega á undanförunum árum. Leikskólinn hefur orðið eftirsóttur vinnustaður og sífellt fleiri sækjast eftir störfum hjá skólanum vegna þess faglega starfs sem þar fer fram. Samskipti við foreldra eru góð og samfélagsmiðlar skólans, sérstaklega [Instagram-síðan](#), hafa vakið mikla athygli og orðið mikilvægur vettvangur til að miðla starfi leikskólans.

Framtíðarsýn

Framundan eru áframhaldandi tækifæri til uppbyggingar og þróunar. Upphaflega stóð til að bæta við tveimur færanlegum kennslustofum vorið 2026 í stað núverandi fimmtu deildar, Seli. Þar var gert ráð fyrir nýrri 36 barna deild með bættri aðstöðu fyrir bæði börn og starfsfólk. Nú liggur fyrir að framkvæmdum hefur verið frestað og er gert ráð fyrir að nýju húsin verði tekin í notkun eftir áramót árið 2027.

Á skólaárinu 2026–2027 mun Leikskólinn Jörfi hefja þátttöku í þróunarverkefninu Réttindaskóli UNICEF. Markmið verkefnisins er að efla þekkingu á réttindum barna og tryggja að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna verði sýnilegur og virkur þáttur í daglegu starfi leikskólans.

Sérstök áhersla verður lögð á að auka þátttöku barna í ákvarðanatöku, efla rödd þeirra og skapa tækifæri fyrir þau til að hafa áhrif á eigið nám og leik. Verkefnið styður þannig við lýðræðislega starfshætti, virðingu, jafnrétti og vellíðan allra barna.

Innleiðingin verður unnin í samstarfi við starfsfólk, börn og foreldra, með það að markmiði að byggja upp réttindamiðað skólasamfélag þar sem réttindi barna eru höfð að leiðarljósi í allri starfsemi leikskólans.





Jörfi mun áfram leggja áherslu á skapandi starf, inngildingu, faglega forystu og öflugt samstarf við innlenda og erlenda samstarfsaðila. Með sameiginlegu átaki starfsfólks, barna og foreldra er leikskólinn vel í stakk búinn til að halda áfram þeirri jákvæðu þróun sem einkennt hefur starfið á undanförunum árum.

Vessela Dukova

Leikskólastjóri Jörfa





2. Innra og ytra mat leikskólans fyrir 2025-2026

2.1 Innra mat leikskólans 2025-2026

Hvað var matið?	Lýðræði
Hvernig fór matið fram?	Deildar- og starfsmannafundir.
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Í matinu tók allt starfsfólk Jörfa þátt, og var hópnum skipt í tvo hluta eftir því hvort þeir starfa á yngri eða eldri deildum.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Innra matið sýnir að börn hafa aukin áhrif á daglegt starf, velja sér leiksvæði, leikefni og leikfélaga og taka virkan þátt í skipulagi starfsins. Samvinna, samskipti og sjálfstæði barna hefur eflst og börnin eru örugg í að láta rödd sína heyrast. Tækifæri til umbóta felast í aukinni skráningu á námi og þátttöku barna.
Hvað var matið?	Flæði og sjálfspróttin leikur
Hvernig fór matið fram?	Deildar- og starfsmannafundir
Hverjir tóku þátt í matinu? (starfsmenn, börn, foreldrar, aðrir)	Í matinu tók allt starfsfólk Jörfa þátt, og var hópnum skipt í tvo hluta eftir því hvort þeir starfa á yngri eða eldri deildum.
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Niðurstöður matsins sýna að vel hefur tekist að skapa aðstæður fyrir flæði og sjálfspróttinn leik með minni hópum, auknu rými og virkri þátttöku starfsfólks. Börnin njóta samfellds leiktíma og hafa gott aðgengi að efniviði. Helstu umbótatækifæri felast í að þróa námsumhverfið áfram, auka fjölbreytni í efniviði og tryggja enn betur ró og samfellu í leik barna.

2.2 Ytra mat leikskólans 2025-2026

Hvað var matið?	Viðhorf starfsmanna til starfsumhverfis, samskipta og stjórnunarháttá.
Hvernig fór matið fram?	Í mars fór fram viðhorfsskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar. Í ár framkvæmdi Gallup könnunina og vann úr henni.
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk
Helstu niðurstöður mats	Niðurstöður starfsánægjukönnunar Gallup sýna að starfsfólk Leikskólans Jörfa er almennt ánægt með vinnustaðinn og að margir þættir starfsumhverfisins mælast vel. Mesti styrkleiki leikskólans er jafnrétti, sem fær einkunnina 4,83 og er hæsti þátturinn í könnuninni. Starfsfólk upplifir að öll njóti sömu virðingar óháð aldri, kyni, uppruna eða öðrum persónubundnum þáttum og að jafnréttisstefnu sé fylgt vel eftir. Þessi þáttur hefur jafnframt batnað frá fyrra ári. Stjórnun fær einnig góða einkunn (4,30). Starfsfólk upplifir skýr markmið, stuðning frá næsta yfirmanni og traust í samskiptum. Jákvæð þróun hefur orðið í mati á stjórnun frá fyrra ári, sérstaklega varðandi stuðning og samskipti stjórnenda við starfsfólk.





Helstu umbótatækifærin liggja hins vegar í því að bæta upplifun starfsfólks af vinnuaðstæðum, sérstaklega hvað varðar hljóðvist, vinnuálag og möguleika til að samræma vinnu og einkalíf. Þá sýna niðurstöðurnar að áfram þarf að huga að launakjörum og viðurkenningu starfsfólks, enda eru það þeir þættir sem draga mest niður heildarmatið.

3. Umbótaáætlun leikskólans 2026-2027

Stjórnun	Handleiðsla fyrir stjórnendateymi
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Innleiða stefnu Reykjavíkurborgar um handleiðslu í starfi fyrir deildastjóra
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Deildastjórar fái reglulega tækifæri til handleiðslu
Ábyrgð	Leikskólastjóri, aðstoðarleikskólastjóri
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026/ Maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Unnið jafnt og þétt yfir skólaárið
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Öruggari og faglegri deildarstjórar
Mannauður	Stækkandi skóli
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Þegar stækkun Jörfa verður endanleg og skipting starfseminnar í þrjú hús, er enn frekari þörf fyrir að vinna meira sem ein heild. Mikilvægt að starfsfólk fái tilfinningu að um einn leikskóla er að ræða.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Halda reglulega sameiginlega fundi með starfsfólki allra starfsstöðva. Efla enn meira notkun Teams sem sameiginlegs samskipta- og upplýsingakerfis til að styrkja upplýsingaflæði og samstarf milli deilda og húsanna. Innleiða markvissa móttökuáætlun fyrir nýtt starfsfólk ásamt reglulegri eftirfylgd. Að allt starfsfólk séu búið að kynna sér starfsmannahandbók Jörfa.
Ábyrgð	Leikskólastjóri, deildarstjórar
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Ágúst 2026 /Júní2027.
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsþróunar samtöl og viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem	Viðhorfskönnun starfsmanna Reykjavíkurborgar "Stofnun ársins" - að við fáum jákvæð niðurstöður fyrir næsta skólaár.





stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Hækkandi ánægja meðal starfsfólks og sýnileg faglegt skólastarf.
---	--

Uppeldis og menntastarf	Innleiðing Barnasáttmálans - Réttindaskóli UNICEF
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Að auka virka þátttöku barna og að þau komi hugmyndum sínum á framfæri, að börnin hafi tækifæri til að taka þátt í ákvarðanatöku í daglegu starfi skólans. Að auka þekkingu starfsfólks á réttindum barna og að Barnasáttmálinn sé hluti af daglegu starfi. Að skapa lýðræðislegt samfélag innan skólans
Aðgerðir til umbóta. Hvernig á að framkvæma það?	Þróunarverkefni Réttindaskólar UNICEF
Ábyrgð	Verkefnastjóri Barnasáttmálans, Deildastjórar, Teymi fyrir Barnasáttmáli
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September 2026/ þangað til Jörfi er Réttindaskóli
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Aðgerðaráætlun fyrir þróunarverkefni. Viðtöl við börnin. Stöðumat frá UNICEF. Reglulegir fundir með samstarfsskólunum og UNICEF.
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Viðmið er gæðalýsing og /eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hversu vel tókst að ná settu markmiði. Að allar deildir hafi virkan og sýnilegan deildarsáttmála. Með símati á deildarfundum og endurmati í lok skólaárs.
Uppeldis og menntastarf	Skólanámskrá Jörfa - aðal áskorun fyrir næsta skólaár
Tækifæri til umbóta- Hvaða árangri er stefnt að?	Unnið að gerð nýrrar skólanámskrár fyrir Jörfa.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Gera nýja skólanámsskrá með virkri þátttöku starfsfólks, barna og foreldra.
Ábyrgð	Leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri.
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	September. 2026/ Maí 2027
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Útbúa skólanámsskrá sem gagnast starfinu og hugmyndafræði sem leikskólinn starfar eftir
Viðmið um árangur-Viðmið er gæðalýsing og/eða mælikvarði sem stuðst er við til að meta hvernig tókst að ná markmiði	Betra starf og auðveldara fyrir alla að tileinka sér áherslur leikskólans og um leið upplýsandi fyrir foreldra.



4. Starfsþróunarsamtöl

Notast var við snerpusamtöl og gengu þau mjög vel. Niðurstöðurnar sýna mikla starfsánægju meðal starfsfólks. Í samtölunum var starfsfólk meðal annars beðið um að lýsa Jörfa með einu orði. Þar komu skýrt fram orð eins og sköpun, gleði og virðing, gildi Jörfa. Starfsfólk upplifir að skapandi starf, jákvætt andrúmsloft og gagnkvæm virðing gagnvart börnum og samstarfsfólki séu meðal helstu styrkleika leikskólans.

Mikill meirihluti starfsfólks hyggst halda áfram störfum við leikskólann, sem er skýr vísbending um góða líðan og ánægju í starfi. Lögð er áhersla á að stjórnendur séu aðgengilegir og til staðar fyrir starfsfólk allt árið um kring. Jafnframt er markvisst unnið að því að efla jákvæð samskipti, upplýsingarflæði, traust og gott samstarf innan starfsmannahópsins.

Gróf áætlun um fræðslu og starfsþróun fyrir starfsmannahópinn veturinn 2025-2026

- Matvælaöryggi - allir starfsmenn
- Jafnréttisskóli Reykjavíkur - kynfræðsla allir starfsmenn
- Barnaheill - allir starfsmenn
- Netnámskeið barna- og fjölskyldustofu - allir starfsmenn
- Móttökuáætlun nýliða, hjá Norðurmiðstöð - nýir starfsmenn
- Torgið - sérhæfð námskeið að vali hvers og eins
- Námskeið hjá Miðja Máls og Læsi.
- Tákn með tali
- Einhverfurofið- grunnnámskeið - starfsfólk í sérkennslu

5. Fræðsla almennt út frá umbótaþáttum leikskólans

Fræðsla og starfsþróun starfsfólks skólaárið 2026–2027 byggir á umbótaáætlun leikskólans, áherslum nýrrar skólanámskrár og starfsþróunarsamtölum. Megináhersla verður á innleiðingu Barnasáttmáls og þróunarverkefnis Réttindaskóla UNICEF, gerð nýrrar skólanámskrár, eflingu sameiginlegrar starfsmenningar í stækkandi skóla og áframhaldandi þróun Reggio Emilia-hugmyndafræðinnar.

Starfsdagar verða nýttir til fræðslu, vinnustofa og samvinnu starfsfólks um þessar áherslur. Deildarstjórar munu fá reglulega handleiðslu til að styrkja faglega forystu og allt starfsfólk verður hvatt til að sækja námskeið, ráðstefnur og aðra faglega viðburði sem styðja við markmið leikskólans.

6. Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Fundur var haldinn að hausti með Breiðagerðisskóla, Sólbúum og leikskólanum Vinagerði. Áætlun fyrir veturinn var gerð, líkt og áður og náðist að fylgja henni að öllu leyti. Nemendur frá okkur fóru í nokkrar heimsóknir á bókasafn Breiðagerðisskóla og fengu að vera með fyrsta bekk í tíma til að upplifa hvernig það er að vera í fyrsta bekk. Elstu árgangur okkar og Vinagerðis hittust. Tilgangurinn var að börn beggja leikskóla gætu kynnst hvert öðru. Einnig fóru þau í skoðunarferð og hittu skólastjóra. Nemendur úr 7. bekk komu til okkar og lásu fyrir börnin á degi íslenskrar tungu. Við fengum einnig skemmtilega heimsókn frá Réttarholtsskóla. Nemendur úr 8. bekk komu til okkar og spiluðu og léku sér með elstu börnunum.



Skilafundir eru haldnir að voru, þar sem deildarstjóri og leikskólastjóri hittu grunnskólastjóra og deildarstjóra stoðþjónustu til að fara yfir barnahópinn. Á fundunum voru kynntar niðurstöður úr HLIÓM-2 prófum og útfyllt eyðublað sem fer yfir „skil milli leik- og grunnskóla“. Einnig var farið yfir helstu styrkleika, vinatengsl og þá þætti sem þarf að vinna sérstaklega með. Kennarar Breiðagerðisskóla hafa einnig leitað ráða hjá leikskólakennurum og stuðningsaðilum að hausti til að styðja betur við nemendur í upphafi grunnskólagöngu.

Börnin fara einnig í heimsóknir í Sólbúa, sem er frístundamiðstöð fyrir Breiðagerðisskóla, og fá að taka þátt í starfinu

Samstarfsáætlun leik- og grunnskóla í Bústaðahverfi 2025 – 2026 (Jörfi, Vinagerði og Breiðagerðisskóli)

Eftirfarandi samstarfsáætlun var samþykkt á samstarfsfundum með leikskólunum Jörfa, Vinagerði og Breiðagerðisskóli. Skipulag og fyrirkomulag hvers atburðar er í höndum gestgjafa og/eða í samráði milli leikskóla og Breiðagerðisskóla

Atburðir tímasettir			
Hvað	Hvenær	Hvað	Hvenær
Samráðsfundur	30. september 2025	Nem. frá Vinagerði og Jörfa í heimsókn í 1. bekk	Mars 2026
Elstu nemendur á Vinagerði koma á skólasafn	Október 2025	Elstu nemendur í leikskólum skoða Breiðagerðisskóla	Apríl 2026
Elstu nemendur á Jörfa koma á skólasafn	Október (tveir hópar) 2025	Skilafundur með skóla og leikskólum	Lok maí 2026
Sameiginlegir útileikir í Grundagerðisgarði	Október og febrúar 2025	Vorskólinn og foreldrakynning	Júní 2026
Nem. í sjöunda bekk lesa á leikskólunum	17.-18. nóvember 2025		
Nemendur í 1. bekk heimsækja gamla leikskólann sinn	Janúar 2026		
Heimsókn í tónmennt	Febrúar 2026		

7. Foreldrasamstarf

Foreldrasamvinna er mjög góð og hefur gengið vel.

Fyrir sumarlokun er haldinn kynningarfundur fyrir nýja foreldra. Á fundinum er farið yfir stefnu leikskólans og helstu áherslur í starfi Jörfa. Foreldrar fá tækifæri til að kynna stjórnendateyminu, spyrja spurninga og skoða leikskólann áður en barn þeirra hefur dvöl sína hjá okkur.

Þáttökuaðlögun fer fram í Jörfa, þar sem foreldrar eru fyrstu þrjá dagana með börnum sínum í aðlögun. Þetta er gott tækifæri til að kynna foreldrum, starfsfólki og öðrum foreldrum. Áður en aðlögun hefst bjóðum við nýjum foreldrum á kynningarfund þar sem við förum yfir ferlið, kynnum starfsfólk, daglegt starf og svörum spurningum sem kunna að vakna. Aðlögunin síðasta ár gekk mjög vel og foreldrar voru ánægðir.

Vikulega senda deildarstjórar tölvupóstar til allra foreldra með fréttum frá liðinni viku, ljósmyndum og skráningum. Við notum forritið Microsoft Sway, og foreldrar eru mjög ánægðir með þetta, þar sem það tengir heimili og skóla. Með þessu höldum við foreldrum upplýstum, auk þess sem starfsfólk hefur gaman af að halda utan um starfið og sjá hversu mikið er gert í hverri viku.

Við erum með [Instagram-síðu](#) sem deilir fréttum af starfinu, þar sem passað er upp á að andlit barnanna séu ekki sýnileg. Við höfum fengið töluverðan fjölda fylgjenda, bæði foreldra og aðra sem vilja fylgjast með starfinu.





Foreldrasamtöl eru haldin tvisvar á ári, bæði að hausti og vori. Við höldum stutt spjall að hausti en ítarlegra samtal að vori. Túlkaþjónusta er alltaf nýtt þegar þess er þörf. Feðrum og öfum er boðið á bóndadaginn með bóndadagskaffi og mæðrum og ömmum daginn eftir konudaginn. Afar og ömmur hafa einnig fengið sinn sérstaka dag. Þessar samkomur eru alltaf vel sóttar og öllum, bæði börnum og fullorðnum, finnst þetta mjög skemmtilegt.

Opið hús er haldið að vori þar sem fjölskyldum gefst tækifæri til að koma og skoða verk eftir börnin. Sumarhátíð er haldin í júní ár hvert og hefur hún verið sameiginleg með foreldrafélaginu síðustu ár, sem hefur gengið mjög vel.

Í foreldraráði sitja þrír fulltrúar, og samskiptin við alla fulltrúa hafa verið mjög góð, með miklum stuðningi frá þeim. Í foreldrafélaginu sitja 11 fulltrúar og aðalfundur var haldinn í húsinu í ár. Foreldrafélagið tók þátt í jólaskemmtun, skipulagði flotta sumarhátíð með okkur sem var haldin í byrjun júní. Foreldrar og ættingjar komu á sumarhátíðina, og það var mikil gleði þegar allir hittust og nutu dagsins í góðu veðri. Sveitaferð var farin í byrjun maí, utan opnunar leikskólans, og margir tóku þátt.

Við viljum þakka foreldrafélaginu fyrir frábært og metnaðarfullt starf í vetur.

8. Skipulagsdagar og leikskóladagatal

Skipulagsdagar skólaárið 2026-2027 verða 6 talsins eins og hér segir:

11. september 2026 (sameiginlegur í hverfi)

6. október 2026 (sameiginlegur í hverfi)

19. nóvember 2026 (sameiginlegur í hverfi)

5. febrúar 2027 Dagur leikskólans - ráðstefna

27. apríl 2027 (sameiginlegur í hverfi)

25. maí 2027 (sameiginlegur í hverfi)

(Sjá leikskóladagatal 2025-2026 í fylgiskjali 2)





9. Þróunarverkefni

Þróunarverkefni Réttindaskóli UNICEF	Samstarfsaðilar	Hver styrkir
Réttindaskólar UNICEF leggja áherslu á að byggja upp með börnunum lýðræðislegt umhverfi með því að rækta með markvissum hætti þekkingu, leikni og viðhorf sem hjálpa þeim að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í nútímasamfélagi. Starfsfólk leikskólanna fá fræðslu og verkfæri í hendurnar til að vera færir í að innleiða starfshætti Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna í allt starf leikskólans.	SFS og UNICEF	Fjárveiting kemur frá Reykjavíkurborg





10. Fylgiskjöl:

10.1 Innra mat Hlíð og Lundur 2025-2026

Styrkleikar

Matið sýnir að vel hefur tekist til með að efla lýðræðislega þátttöku barna í daglegu starfi leikskólans. Börnin fá tækifæri til að hafa áhrif á skipulag og starf deildarinnar og sýna aukið sjálfstæði og frumkvæði. Samvinna og samskipti innan barnahópsins hafa styrkst verulega og ríkir góð samheldni meðal barnanna. Börnin eru örugg í að tjá skoðanir sínar og láta rödd sína heyrast, sem endurspeglar jákvætt og lýðræðislegt námsumhverfi.

Jafnframt hefur skapast meiri ró í hópnum og börnin fylgja fyrirmælum vel. Jákvæð samskipti og góð hegðun einkenna samskipti barnanna og gönguferðir ganga vel.

Í vinnu með flæði og sjálfsprottinn leik hefur markviss skipulagning skilað góðum árangri. Sérstaklega hefur reynst vel að vinna í minni hópum, skapa meira rými fyrir leik og tryggja nærveru starfsfólks. Þetta hefur stuðlað að auknu flæði í leik barna, meiri þátttöku og rólegri aðstæðum sem styðja við nám og leik.

Tækifæri

Tækifæri til umbóta felast fyrst og fremst í að efla skráningu á námi og starfi barnanna til að gera framfarir og þátttöku þeirra sýnilegri. Einnig er mikilvægt að fjölga uppbrotsdögum og gefa börnunum aukin tækifæri til að hafa áhrif á skipulag þeirra og innihald.

Í tengslum við flæði og sjálfsprottinn leik er helsta áskorunin stærð barnahópanna og takmarkað rými. Mikilvægt er að halda áfram að skipta börnum í smærri hópa þegar kostur er og tryggja að starfsfólk sé virkt þátttakandi í leiknum. Með því má skapa enn betri aðstæður fyrir sjálfsprottinn leik, aukna þátttöku barna og dýpri námsupplifun.

Hvað var metið?	Lýðræði
Hvernig fór matið fram?	Á starfsmannafundi
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk og stjórnendur
Helstu niðurstöður mats	Það hefur gengið vel að leyfa börnunum að taka þátt í skipulagi og starfi. Samvinna og samskipti í hópnum hafa tekið gríðarlegum framförum þar sem mikil samheldni ríkir. Börnin eru mun sjálfstæðari en þau voru í haust og þau eru óhrædd við að láta rödd sína heyrast. Börnin fylgja vel fyrirmælum og er komin ró yfir





	hópin. Gönguferðir ganga vel í dag. Börnin eiga jákvæð samskipti sína á milli. Jákvæð samskipti og hegðun einkennir hópin. Tækifæri til umbóta eru í meiri skráningu og að hafa fleiri uppbrotsdaga og bjóða börnunum að hafa áhrif á þá.
Hvað var metið?	Flæði og sjálfsprottin leikur
Hvernig fór matið fram?	Á starfsmannafundi
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk og stjórnendur
Helstu niðurstöður mats	Það hefur gengið vel í flæði og sjálfsprottinum leik eftir að áhersla var lögð á minni hópa, meira rými, þegar kennari er til staðar og rólegri aðstæður Helstu hindranirnar hafa verið að hóparnir eru mjög stórir og hafa lítið rými. Tækifæri til umbóta eru að gæta þess að skipta börnunum í minni hópa og að starfsfólk sé með þeim

10.2 Innra mat Garður og Dalur 2025-2026

Styrkleikar

Börnin hafa góð tækifæri til að hafa áhrif á leik sinn og nám í gegnum val á leiksvæðum, leikefni og verkefnum. Flæði og sjálfsprottinn leikur hafa eflst með markvissri uppbyggingu námsumhverfisins og góðu samstarfi starfsfólks. Starfsfólk styður virkan við leik barna og tekur mið af áhuga þeirra í daglegu starf

Tækifæri

Auka markvissar skráningar og mat á þátttöku barna til að gera lýðræðislega starfshætti sýnilegri. Einnig má efla enn frekar sjálfsprottinn leik með áframhaldandi þróun námsumhverfisins og reglulegri ígrundun starfsfólks á hlutverki sínu í leik barna.

Hvað var metið?	Lýðræði
Hvernig fór matið fram?	Á starfsmannafundi
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk og stjórnendur
Helstu niðurstöður mats	Börnin velja sér leiksvæði, leikfélaga og leikefni. Starfið mótast af áhuga barnanna til dæmis ef börnunum langar að leika úti þá leikum við úti. Við fylgjum áhuga þeirra eftir bestu getu t.d. varðandi val á leikefni og þemavinnu inni á deildum. Við höfum aukið við leikefni





	inni á deildum og bætt aðgengi, breytt skipulagi deildanna og búið til dæmis til svæði fyrir ærslaleik. Tækifæri til umbóta væru helst í að gera meiri skráningar til að fylgjast markvisst með lýðræði í starfinu.
Hvað var metið?	Flæði og sjálfsprottin leikur
Hvernig fór matið fram?	Á starfsmannafundi
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk og stjórnendur
	Það hefur gengið vel að innleiða flæði og sjálfsprottinn leik á deildunum eftir að námsumhverfið var skipulagt í fjölbreytt leik- og námssvæði út frá áhuga og þörfum barnanna. Samstarf starfsfólks á milli deildanna er mjög gott og hefur haft jákvæð áhrif á barnahópinn, aukið samveru og skapað fleiri tækifæri til leiks og náms. Áhersla er lögð á að starfsfólk sé virkt í leik barna, til staðar sem stuðningur og leiðbeinendur þegar þörf krefur.

10.3 Innra mat Laut og Holt 2025-2026

Styrkleikar

Endurmat umbótaáætlunar sýnir að vel hefur tekist að efla lýðræði og þátttöku barna í daglegu starfi. Börnin fá reglulega tækifæri til að velja leiksvæði, leikefni og leikfélaga og starfsfólk leggur áherslu á virka hlustun og að taka mið af áhuga og frumkvæði barnanna. Starfið mótast að stórum hluta af áhuga barna og leitast er við að skapa aðstæður þar sem þau hafa áhrif á leik sinn og verkefni.

Einnig hefur tekist vel að skapa aðstæður sem styðja við flæði og sjálfsprottinn leik. Börnin hafa nægan tíma til leiks, gott aðgengi að efnivið og starfsfólk sýnir sveigjanleika í dagskipulagi til að mæta þörfum og áhuga barnanna. Starfsfólk styður markvisst við leik barna með því að bæta við efniviði, spyrja opinna spurninga og skapa samfelldan tíma til leiks. Niðurstöðurnar sýna jafnframt að börnin hafa mikil áhrif á daglegt starf og að virðing fyrir leik þeirra er skýr styrkleiki í starfinu.





Tækifæri

Helstu umbótatækifærin felast í að auka fjölbreytni í efniviði og námsumhverfi, bæði inni á deildum og á útisvæði. Starfsfólk telur tækifæri felast í að þróa leiksvæði áfram, bæta aðgengi að fjölbreyttari efnivið í listasmiðju og auka náttúruleg og fjölbreytt leiksvæði utandyra.

Jafnframt er tækifæri til að efla enn frekar notkun Blæs vináttubangs í daglegu starfi og samþætta hann markvissar í samskiptum og fræðslu um félagsfærni og vináttu. Þá má halda áfram að fækka truflunum í leik og tryggja að börn njóti samfellds leiktíma til að stuðla að auknu flæði og dýpri leikupplifun.

Hvað var metið?	Lýðræði
Hvernig fór matið fram?	Á starfsmannafundi
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk og stjórnendur
Helstu niðurstöður mats	Börnin fá reglulega tækifæri til að velja leiksvæði, leikefni og leikfélaga og starfsfólk leggur áherslu á virka hlustun og að taka mið af áhuga og frumkvæði barnanna. Bæði deildar eru komnar með réttindatré.
Hvað var metið?	Flæði og sjálfsprottin leikur
Hvernig fór matið fram?	Á starfsmannafundi
Hverjir tóku þátt í matinu?	Starfsfólk og stjórnendur
Helstu niðurstöður mats (styrkleikar og tækifæri til umbóta)	Niðurstöðurnar sýna jafnframt að börnin hafa mikil áhrif á daglegt starf og að virðing fyrir leik þeirra er skýr styrkleiki í starfinu.





10.4 Umbótaáætlun Hlíð, Lundur og Garður 2026-2027

Deild/aldur barna	Innleiðing Barnasáttmálans - Réttindaskóli UNICEF
Umbótapáttur/matspáttur(t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Lögð er áhersla á að efla virka þátttöku barna í daglegu starfi og skapa þeim tækifæri til að koma hugmyndum sínum á framfæri og hafa áhrif á ákvarðanir. Jafnframt verður unnið markvisst með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna til að auka þekkingu barna á réttindum sínum og gera réttindamiðaða nálgun að eðlilegum hluta af daglegu starfi.
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að skapa lýðræðislegt samfélag innan skólans.
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Að starfsfólk læri um barnasáttmálann og lýðræði í vinnu með börnum. Að starfsmenn kynni sér um barnasáttmálann áður þau byrja að vinna með börnunum. Nota hugmyndabankann frá barnasattmali.is sem hentar fyrir þennan aldur.
Ábyrgð	Allt starfsfólk, Verkefnastjóri Barnasáttmálans, Deildastjórar, Teymi fyrir Barnasáttmáli
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Haut 2026 hefst og er þangað til Jörfi er Réttindaskóli
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið?	Starfsfólk þarf að rýna reglulega í hvort börnin séu raunverulega að hafa áhrif á starfið. Halda þarf skráningu til þess að vera viss um að allar raddir heyrast. Væri gaman að hafa barnaráð í leikskólanum. Reglulegir deildarfundir (1-2x á mánuði).





10.5 Umbótaáætlun Dalur, Laut og Holt 2026-2027

Deild/aldur barna	Innleiðing Barnasáttmálans - Réttindaskóli UNICEF
Umbótapáttur/matspáttur (t.d. stjórnun, uppeldis og menntastarf, mannauður/leikskólabragur, innra mat)	Að börnin hafi aukið vald í daglegu starfi og efla virka hlustun starfsmanna. Aukin vinna með Barnasáttmálann og kynningu á honum, fyrir starfsfólk, börn og foreldra
Tækifæri til umbóta-Að hverju er stefnt?	Að börnin hafi meiri áhrif á daglegt starf t.d. með kosningum um uppbrotsdaga og að valdefla þau
Aðgerðir til umbóta-Hvernig á að framkvæma það?	Með umræðum í samverustundum, kosningum og með virkri hlustun starfsmanna
Ábyrgð	Allt starfsfólk, Verkefnastjóri Barnasáttmálans, Deildastjórar, Teymi fyrir Barnasáttmáli
Hvenær hefst og hvenær eru áætluð lok?	Þetta á að vera lifandi verkefni og lýkur þegar Jörfi er Réttindaskóli
Hvenær og hvernig á að meta? Hvaða aðferðir á að nota við matið (t.d. könnun, rýnihópur, fundir, viðtal við börn)	Starfsfólk þarf að rýna reglulega í hvort börnin séu raunverulega að hafa áhrif á starfið. Halda þarf skráningu til þess að vera viss um að allar raddir heyrast. Væri gaman að hafa barnaráð í leikskólanum. Reglulegir deildarfundir (1-2x á mánuði)





10.6 Skólalagatal 2026-2027

Gleði - Sköpun - Virðing

Leikskólagatal 2026 - 2027

Leikskólinn Jörfi

AGÚST	SEPTEMBER	OCTOBER	NOVEMBER	DECEMBER	JANUAR	FEBRUAR	MARS	APRIL	MÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ Fréttadagurinn	1 F Nýsárþingur	1 M	1 M	1 F	1 L Vetrarþingurinn	1 Þ Vetrarvika	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 M	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M Frídagur Leikskólinn	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F Leikskólinn opnar eftir sumari	6 S	6 Þ Samningur leikskólaþingar	6 F Önnu og aðrir kæli	6 S	6 M Þingdómin	6 L Dagur tónlistarvæðis	6 L	6 Þ	6 F Ljósfræðingur	6 S Sjávarnæðingur	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M / Júlí - 4. ágúst
8 L	8 Þ Dagur leiks	8 F	8 Þ	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F Sunnari
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ Sprengingur	9 Þ	9 F	9 S	9 M	8 F Sunnari
10 M	10 F Skólingur fyrir skólalagatalið	10 L	10 Þ	10 F	10 S Skólingur fyrir skólalagatalið	10 M Ólafur	10 M	10 L	10 M	10 F Skólingur fyrir skólalagatalið	10 L
11 Þ	11 F Samningur leikskólaþingar	11 S Fréttadagur leikskólaþingar (HÍ)	11 M	11 F Júlídagur	11 L Spádagur Jóns	11 F Dagur leikis leikskólaþingar	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 F Sunnari
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 M	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 F Sunnari
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S Dagur stærðfræðis	14 M	14 F	14 M Þýðingaleikur	14 F Sunnari
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F Sunnari
16 S	16 M Dagur leikis leikskólaþingar	16 F	16 M Dagur leikis leikskólaþingar	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S Hvítasunnudagur	16 M Skólingur	16 F Sunnari
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 L	17 L	17 M Krúkur / Hvítasunnudagur	17 F Ljósfræðingurinn	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 Þ Samningur leikskólaþingar	19 L	19 Þ	19 F Krúkur leikskólaþingar	19 F Dagur dæmnaðis leikskólaþingar	19 M	19 M	19 L	19 M Sunnari
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ Sunnari
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M Vetrarþingur	21 F	21 S Krúkur - upptíð leikskólaþingar	21 S Hvítasunnudagur	21 M	21 F	21 M	21 M Sunnari
22 L	22 Þ	22 F Skólingur	22 S	22 Þ	22 F Borðdagur leikskólaþingar	22 M Skólingur	22 M Skólingur	22 F Sunnari	22 L	22 Þ	22 F Sunnari
23 S	23 M	23 F Skólingur	23 M	23 M Hvítasunnudagur	23 L	23 Þ Skólingur	23 Þ Skólingur	23 F Ljósfræðingur	23 S	23 M	23 F Sunnari
24 M Skólingur leikskólaþingar	24 F	24 L Fyrir vetrarþing	24 Þ	24 F Aðfangadagur Jóns	24 S	24 M	24 M Skólingur	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ Skólingur	25 F	25 S
26 M	26 L Fréttadagur leikskólaþingar	26 M Skólingur	26 F	26 Þ	26 F	26 F	26 F Fréttadagurinn langi	26 M	26 M	26 L	26 M Sunnari
27 F	27 S	27 Þ Skólingur	27 F	27 S	27 L	27 L	27 L	27 Þ Skólingur	27 F	27 S	27 Þ Sunnari
28 F	28 M	28 M	28 L	28 F	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M Sunnari
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 F	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F Sunnari
30 S	30 M	30 F	30 M	30 M Skólingur	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 F Sunnari
31 M	31 L	31 L	31 M	31 F Gamli dagur	31 S	31 M	31 M	31 L	31 M	31 L	31 L

Leikskólar eru lokaðir sex daga á ári vegna skipulagsdaga. Því þeirra skulu vera á sama tíma og starfsdagar starfskólis eða frídaga nemenda í grunnskólum en hinir þrír geta verið ýmist hálfir dagar eða heilir. Leikskólagjöld
lækka ekki vegna þessa. Skólingar og leikskólinn eru til og gjöld lækkuð vegna þessa. Forleitar sem þurfa vísun þessa daga sækja sérstaklega um það og gleiða þá fyrir þá daga. Börn sem dvelja í leikskólum
Reykjavíkurborgar taka að lágmarki tuluugu virka daga í sumari. Leikskólaþingin ákveður, að höfuð samráði við starfsmenn og forleitar, viðkomandi leikskóla hvort leikskólinn verði opin allit sumari eða loki samfelld í tíu
tíu tuluugu virka daga. Stærna skóla- og frístundasviðs er að í hverju hverfi leitist skólaþingur leik- og grunnskóla við að samræma starfs- og skipulagsdaga til hagræðis við fjölskyldur í Reykjavík.





F. h. leikskólans Jörfa

Vessela Dukova

20.júní.2026

Leikskólastjóri

Dagsetning





Viðburðir í Jörfa 2026-2027

Þriðjudagur 8.september Dagur læsis - tökum bók með í leikskólann

Þriðjudagur 27. Október - bangsa og náttfatadagur

Föstudagur 30.október - Hrekkjavökupartý

Föstudagur 6.nóvember - Ömmu og afa kaffi

Föstudagur 11.desember - Jólaball

Mánudagur 21.desember - Vasaljósadagur

Mánudagur 11.janúar - Spiladagur Jörfa

Föstudagur 22.janúar - Bóndadagskaffi

Föstudagur 19.febrúar - Konudagskaffi

Föstudagur 26.febrúar Einstöl börn - Glitrandi dagur

Föstudagur 19.mars Downs dagurinn - ósamstæðir sokkar

Föstudagur 23.apríl Dagur umhverfis -gerum hreint í garðinum okkar

Fimmtudagur 13.maí - Dótadagur

Miðvikudagur 16.júní - Skrúðganga





10.7 Umsögn foreldraráðs

Starfsáætlun 2026 – 2027 Jörfa

Umsögn foreldraráðs

Foreldraráð leikskólans skipa:

Hulda Sigmarsdóttir

Jóhanna Þórunn Ásgrímsdóttir

Þórunn Anna Karlsdóttir





Umsögn foreldraráðs um starfsáætlun leikskólans

Samræmast áherslur starfsáætlunar starfi leikskólans síðasta árs?

Starfsáætlun Leikskólans Jörfa fyrir skólaárið 2026–2027 er vönduð og metnaðarfull og samræmist vel því faglega starfi sem unnið var á síðasta skólaári. Við fögnum þeirri jákvæðu þróun sem átt hefur sér stað í leikskólastarfinu, þar sem Reggio Emilia hugmyndafræðin er höfð að leiðarljósi. Þar er lögð rík áhersla á lýðræði, þátttöku barna, hlý samskipti og námsumhverfi sem styður við sköpun og frumkvæði og allt þetta endurspeglast vel í áætluninni.

Er starfsáætlunin aðgengileg og auðlesanleg?

Skjalið er aðgengilegt, skýrt uppsett og skrifað á auðlesanlegu máli. Það veitir góða yfirsýn yfir markmið leikskólans, helstu áherslur og umbótaverkefni og gerir foreldrum og starfsfólki kleift að átta sig fljótt á inntaki og stefnu skólans.

Er starfsáætlunin góð innsýn inn í starfið fyrir foreldra?

Starfsáætlunin gefur skýra mynd af daglegu starfi leikskólans og hlutverki foreldra í samstarfinu. Þar er m.a. fjallað um aðlögun, samskipti, helstu viðburði og þá sýn að skólastarf byggist á virku samtali við börn og fjölbreyttum aðferðum sem ýta undir frumkvæði þeirra og þátttöku.

Eru einhverjar athugasemdir við starfsáætlunina?

Rætt er um að fjölga þurfi uppbrotsdögum hjá eldri deildum, foreldraráð vill líkt og síðastliði ár að hvetja til þess að uppbrotsdagar (bleiki dagurinn, náttfatadagur o.s.frv.) verði einungis framkvæmdir á leikskólanum eins og með sköpun á hjartalist á Hjartadegi, sköpun með bleikum efniviði á bleika deginum og jafnvel búningum sem þau skapa sjálf á öskudegi eða hrekkjavöku. Í hröðum heimi er aukið álag á foreldra ungra barna og því mikilvægt að með samhentum átaki sé unnið markvisst að því að minnka það álag. Barnið nýtur góðs af því þegar uppi er staðið.

Undanfarin fjögur ár hefur foreldraráð bent á að vantað hafi yfirlit yfir menntun starfsmanna í greinargerð leikskólastjóra. Sú upplýsingagjöf hefur vissulega batnað, en foreldraráð vill áfram leggja áherslu á að fá fram skýrt hlutfall starfsfólks með leyfisbréf til kennslu, borið saman við aðra starfsmenn. Erfitt er að lesa það út úr núverandi skýrslu.

Í skýrslum síðustu þriggja ára hefur foreldraráð hvatt leikskólann til að finna leiðir til að efla markvissa hreyfingu og útinám, til dæmis með ráðningu á kennara sem sér um markvisst útinám og hreyfingu þvert á deildir eins og gert er í listasmiðju.

Foreldraráði finnst einnig skorta upplýsingar um hver gegnir hlutverki staðgengils leikskólastjóra og deildarstjóra þegar þeir eru fjarverandi um lengri eða skemmri tíma.

Skýrar tengingar við fagleg viðmið og lagaramma geta einnig aukið gæði starfs áætlunarinnar. Með einfaldri töflu eða samantekt mætti sýna hvernig leikskólinn vinnur eftir aðalnámskrá leikskóla, Barnasáttmálanum, lögum um leikskóla og stefnum Reykjavíkurborgar.





Að lokum vill foreldraráð ítreka frá síðasta ári að æskilegt er að starfsáætlunin tæki til viðbragða við neyðartilvikum og öryggismála. Það gæti verið með lýsingu á eldæfingum, ferðaáætlunum, eineltisviðbrögðum, viðbrögðum við slysum eða veikindum. Slíkur kafli styrkir öryggisvitund og eykur traust foreldra á daglegu starfi leikskólans.





Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umbótaáætlun fyrir deildir þar sem hver deild/deildir (yngri og eldri saman) gera grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir **1. júní**. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráðs til samþykktar.

Starfsáætlun skal skilað rafrænt á netfangið ; sfs@reykjavik.is

Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.





- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



